

Ferðamálastofa

04 551

Ársreikningur 2018

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Ferðamálastofa
530169-4059
Geirsgötu 9, 101 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Ferðamálastofa er ríkisaðili í A-hluta, starfsemi stofnunarinnar felst í því að fara með framkvæmd ferðamála samkvæmt lögum, sinna lögbundnu eftirliti og daglegri stjórnsýslu á því sviði sem lögin ná til og stuðla að þróun ferðamála sem atvinnugreinar. Framkvæmdasjóður ferðamannastaða er í vörslu Ferðamálastofu. Samkvæmt lögum nr. 75/2011 um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða er markmið og hlutverk sjóðsins að stuðla að uppbyggingu, viðhaldi og verndun ferðamannastaða sem eru í eigu eða umsjón sveitarfélaga og einkaaðila um land allt. Þá skal með fjármagni úr sjóðnum leitast við að tryggja öryggi ferðamanna og vernda náttúru landsins. Einnig er sjóðnum ætlað að fjölga viðkomustöðum ferðafólks til að draga úr álagi á fjölsóttu ferðamannastaði.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 14 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2018 var ársveltan kr. 652,2 milljónir og afkoma kr. 20,6 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -7,8 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 70,2 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2018 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Ferðamálastofu í samræmi við lög um opinber fjármál og lög um ársreikninga.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Ferðamálastofu fyrir árið 2018 með undirritun sinni.

Reykjavík, 10. september 2019

Staður, dags.

[Handwritten signature]
Forstöðumaður

Yfirlit um afkomu ársins 2018

	Skýr	2018	2017
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	3	542.500.000	354.326.772
Seld vara og þjónusta	4	(1.813.596)	8.657.134
Framlög og ýmsar tekjur	5	108.780.197	150.300.579
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	3	2.690.333	2.272.051
Tekjur samtals		652.156.934	515.556.536
Gjöld			
Laun og launatengd gjöld	6	217.470.364	188.404.549
Framlög og tilfærslur	7	288.551.208	201.785.937
Annar rekstrarkostnaður	8	122.386.152	113.506.739
Afskriftir	9	2.690.333	2.272.051
Gjöld samtals		631.098.057	505.969.276
Afkoma (tap) fyrir fjármagnsliði		21.058.877	9.587.260
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður		83.608	138.501
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(544.485)	(1.228.833)
		(460.877)	(1.090.332)
Afkoma ársins		20.598.000	8.496.928
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur	3	37.349.208	71.982.865
Rekstrartilfærslur		(16.751.208)	(63.485.937)
Fjármagnstilfærslur		0	0
		20.598.000	8.496.928

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

Eignir	Skýr	31.12.2018	31.12.2017
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	10		
Áhöld, tæki og búnaður		9.608.332	9.805.026
		<u>9.608.332</u>	<u>9.805.026</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Eignarhlutir í öðrum félögum	11	540.720	540.720
		<u>540.720</u>	<u>540.720</u>
Fastafjármunir samtals		<u>10.149.052</u>	<u>10.345.746</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		2.763.882	49.923.595
Tengdir aðilar	12	53.329.922	119.677.740
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		0	5.244.222
Handbært fé	13	3.932.996	11.005.023
Veltufjármunir samtals		<u>60.026.800</u>	<u>185.850.580</u>
Eignir samtals		<u>70.175.852</u>	<u>196.196.326</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	14		
Hrein eign		(7.799.747)	(28.397.747)
Eigið fé samtals		<u>(7.799.747)</u>	<u>(28.397.747)</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	12	11.214.518	136.431.310
Viðskiptaskuldir		10.642.088	53.335.667
Ýmsar skammtímaskuldir	15	46.504.300	25.022.070
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	16	9.614.693	9.805.026
		<u>77.975.599</u>	<u>224.594.073</u>
Skuldir samtals		<u>77.975.599</u>	<u>224.594.073</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>70.175.852</u>	<u>196.196.326</u>
Aðrar upplýsingar	17		

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2018

	Skýr	2018	2017
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		20.598.000	8.496.928
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	9	2.690.333	2.272.051
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(2.690.333)	(2.272.051)
		<u>20.598.000</u>	<u>8.496.928</u>
 Breyting rekstrartengdra eigna og skulda:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		52.403.935	34.965.523
Tengdir aðilar		(58.868.974)	(13.810.003)
Skammtímaskuldir		(21.211.349)	(45.990.051)
		<u>(27.676.388)</u>	<u>(24.834.531)</u>
 Handbært fé til rekstrar		<u>(7.078.388)</u>	<u>(16.337.603)</u>
 Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	10	(2.493.639)	(1.773.228)
		<u>(2.493.639)</u>	<u>(1.773.228)</u>
 Fjármögnunarhreyfingar			
Fjárfestingarframlag		2.500.000	1.773.228
		<u>2.500.000</u>	<u>1.773.228</u>
 Hækkun (lækkun) á handbæru fé		(7.072.027)	(16.337.603)
Handbært fé í byrjun árs		11.005.023	27.342.626
Handbært fé í árslok		<u>3.932.996</u>	<u>11.005.023</u>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál, lög um ársreikninga og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs að teknu tilliti til ákvæða í IPSAS 33 um innleiðingu IPSAS (International Public Sector Accounting Standards) auk reglugerðar um framsetningu og innihald ársreikninga nr. 696/1996 eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins.

Við gerð reikningsskila þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði IPSAS 33 en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur vegna bankainnstæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsteggi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður 3-10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Skýringar

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að fráreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókom stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

2. Fjárhagsleg áhættustjórnun

Starfsemi stofnunarinnar hefur í för með sér margvíslega áhættu svo sem mótaðilaáhættu, áhrif breytinga á gengi erlendra gjaldmiðla og vaxtabreytinga. Áhættustjórnun stofnunarinnar beinist að aðgerðum til þess að draga úr þessum áhættuþáttum.

Skýringar

	2018	2017
3 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	545.000.000	356.100.000
Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga	(2.500.000)	(1.773.228)
Tekjufærsla fjárveitinga	542.500.000	354.326.772
Tekjufærsla frestaðra tekna	2.690.333	2.272.051
	<u>545.190.333</u>	<u>356.598.823</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum	314.200.000	159.300.000	0	473.500.000
Fjárraukalög	(41.000.000)	112.500.000	0	71.500.000
Fjárveiting til rekstrar flokkuð sem fjárfestingafjárveiting	(2.500.000)	0	0	(2.500.000)
Fjárveiting til tekna	270.700.000	271.800.000	0	542.500.000
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi	(233.350.792)	(288.551.208)	0	(521.902.000)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	37.349.208	(16.751.208)	0	20.598.000

	2018	2017
4 Seld vara og þjónusta		
Ýmsar þjónustutekjur	10.015.654	9.144.452
Leiðréttar ýmsar þjónustutekjur fyrri ára	(11.829.250)	
Vörusala I	0	(15.000)
Fræðslustarfsemi og fundir	0	(472.318)
	<u>(1.813.596)</u>	<u>8.657.134</u>

5 Framlög og ýmsar tekjur		
Kostnaðarhlutdeild	0	(1.000.000)
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	93.200.000	149.491.244
Ýmsar tekjur	15.580.197	1.809.335
	<u>108.780.197</u>	<u>150.300.579</u>

6 Laun og launatengd gjöld		
Laun	175.165.624	147.433.131
Orlof, breyting	(21.229)	3.883.973
Launatengd gjöld	40.145.246	33.742.008
Starfsmannakostnaður	2.180.723	3.345.437
	<u>217.470.364</u>	<u>188.404.549</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	18,8	16,9

7 Framlög og tilfærslur		
Rekstrartilfærslur	288.551.208	201.785.937
	<u>288.551.208</u>	<u>201.785.937</u>

Skýringar

	2018	2017
8 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	525.242	862.264
Tæki og búnaður til innréttinga	(63.933)	69.046
Ýmis tæki og áhöld	855.223	1.000.689
Varahlutir og viðhaldsvörur	2.480	8.127
Orkugjafir	512.737	422.796
Matvæli	3.031.200	2.374.235
Almennar rekstrarvörur	179.075	222.309
Vörukaup, almenn	5.042.024	4.959.466
Kennslu- og föndurvörur	0	3.180
Ýmsar sérgreindar vörur	0	3.517
Vörukaup, sérgreind	0	6.697
Fundir, námskeið, risna	4.943.915	5.270.897
Ferðir, uppihald	16.311.796	14.263.642
Akstur	2.088.419	3.376.130
Sérfræðipjónusta	35.322.416	23.578.821
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	282.935	141.805
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	7.034.470	9.312.129
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	1.167.984	1.248.103
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðipjónusta	67.151.935	57.191.527
Samningsbundin kaup og leiga	0	(4.930.389)
Afnotagjöld	11.557.201	9.334.253
Leigugjöld	11.451.692	12.558.041
Notkun véla og flutningatækja	10.800	10.600
Verkkaup	12.221.006	11.707.803
Kostnaðarhlutdeild	18.365.807	18.902.068
Tryggingar, lögboðnar	3.768	3.768
Opinber gjöld	67.014	67.620
Tapaðar kröfur	(3.485.095)	3.695.285
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	50.192.193	51.349.049
Annar rekstrarkostnaður samtals	122.386.152	113.506.739
9 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	2.690.333	2.272.051
	2.690.333	2.272.051

Skýringar

	31.12.2018	31.12.2017
10 Varanlegir rekstrarfjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	9.608.332	9.805.026
	<u>9.608.332</u>	<u>9.805.026</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2018:

	Áhöld, tæki og búnaður
Staða 1.1.2018	17.443.262
Viðbætur á árinu	2.493.639
Selt/niðurfært á árinu	0
	<u>19.936.901</u>
Afskriftir 1.1.2018	7.638.236
Selt/niðurfært á árinu	
Afskrift ársins	2.690.333
	<u>10.328.569</u>
Staða 31.12.2018	<u>9.608.332</u>

11 Eignarhlutir í öðrum félögum

	Eignarhlutur	Nafnverð	Matsverð
<u>Eignarhlutir ríkissjóðs yfir 20% (hlutdeildaraðferð):</u>			
Austurbrú	3%	50.000	50.000
Scandinavian Tourism, Inc	0%	490.720	490.720
		<u>540.720</u>	<u>540.720</u>

Eignarhlutir í öðrum félögum eru metnir með hlutdeildaraðferð ef eignarhlutur ríkissjóðs í heild er yfir 20% annars eru þeir metnir á kostnaðarverði. Metið virði eignarhluta í sjálfseignarstofnunum er 0 kr. ef framlög til þeirra renna ekki til ríkisins eða stofnana þess við slit, heldur til annarra málefna en annars á kostnaðarverði.

12 Tengdir aðilar

	31.12.2018	31.12.2017
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.		
<i>Kröfur á tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningur við ríkissjóð	33.652.182	0
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	0	100.000.000
Áætluð leiðrétting vegna fjárveitinga	19.677.740	19.677.740
	<u>53.329.922</u>	<u>119.677.740</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	0	132.621.029
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	11.214.518	3.810.281
	<u>11.214.518</u>	<u>136.431.310</u>

Skýringar

	31.12.2018	31.12.2017
13 Handbært fé		
Tékkareikningar	2.973.834	10.102.257
Gjaldeyrisreikningar í innlendum innlánsstofnunum	959.162	902.766
	<u>3.932.996</u>	<u>11.005.023</u>

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 133,6 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til handbærs fjár.

14 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	31.12.2018	31.12.2017
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	(28.397.747)	(56.572.415)
Niðurfelling vegna orlofsskuldbindingar	0	19.677.740
Afkoma ársins	20.598.000	8.496.928
Jöfnuður 31.12.	<u>(7.799.747)</u>	<u>(28.397.747)</u>

Áætlað framlag á móti orlofsskuldbindingu í stofnefnahagsreikningi, að fjárhæð kr. 19,7 milljónir, var fært yfir eigið fé á árinu 2017 skv. fyrirætlum fjármála- og efnahagsráðuneytisins, sbr. einnig frumvarp til laga um staðfestingu ríkisreiknings fyrir árið 2017.

Afkoma ársins hefur verið flutt óskert á hreina eign þar sem reglugerð um yfirfærslur ónotaðra fjárheimilda á grundvelli 2. mgr. 30. gr. LOF liggur ekki fyrir. Leiði tilkoma reglugerða til breytinga á meðferð afkomu mun það verða leiðrétt í ársreikningi fyrir árið 2019.

	31.12.2018	31.12.2017
15 Ýmsar skammtímaskuldir		
Ógreitt orlof	23.540.484	23.561.713
Ógreidd laun	0	915.577
Önnur ógreidd gjöld	22.963.816	544.780
	<u>46.504.300</u>	<u>25.022.070</u>

16 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2018	31.12.2017
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	9.608.332	9.805.026
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga	6.361	0
	<u>9.614.693</u>	<u>9.805.026</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2018	9.805.026	0	9.805.026
Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga	0	2.500.000	2.500.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	2.493.639	(2.493.639)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(2.690.333)	0	(2.690.333)
	<u>9.608.332</u>	<u>6.361</u>	<u>9.614.693</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2018 munu kr. 2,2 milljónir koma til tekna á árinu 2019.

Skýringar

17 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi húsaleigusamninga til ársins 2029, árlega greiðslur vegna þeirra nema kr. 11,4 milljónir. Árlegar greiðslur vegna styrktar- og samstarfssamninga nema kr. 200 milljónum. Stofnunin er með ýmsa skuldbindandi rekstrar- og þjónustusamninga, árlegar greiðslur vegna þeirra nema kr. 10,8 milljónum og vegna annara samninga eru árlegar greiðslur kr. 2,2 milljónir.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvilandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2018.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loford

Á ekki við.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Á ekki við.